

# Lög

## um breytingu á gjaldtökuákvæðum nokkurra laga á sviði sjávarútvegs.

### I. KAFLI

#### Breyting á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

##### 1. gr.

2. másl. 1. mgr. 9. gr. laganna orðast svo: Skal þessum aflaheimildum skipt milli botnfisktegunda í hlutfalli við leyfðan heildarafla af einstökum tegundum og verðmætahlutföll einstakra tegunda samkvæmt lögum um veiðieftirlitsgjald.

##### 2. gr.

Í stað orðanna „samkvæmt ákvörðun ráðuneytis í upphafi árs“ í 1. másl. 1. mgr. 10. gr. laganna kemur: í samræmi við verðmætahlutföll einstakra tegunda samkvæmt lögum um veiðieftirlitsgjald.

##### 3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. a laganna:

- Lokamálsliður 1. mgr. orðast svo: Við mat á heildarverðmæti aflamarks skal annars vegar miða við verðmætahlutföll einstakra tegunda á viðkomandi fiskveiðiári eða veiðitímabili samkvæmt lögum um veiðieftirlitsgjald og hins vegar úthlutað aflamark einstakra tegunda á tímabilinu.
2. másl. 2. mgr. orðast svo: Við mat á heildarverðmæti aflahlutdeildar skal annars vegar miða við verðmætahlutföll einstakra tegunda á viðkomandi fiskveiðiári eða veiðitímabili samkvæmt lögum um veiðieftirlitsgjald og hins vegar úthlutað aflamark einstakra tegunda á tímabilinu.

##### 4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

2. másl. 5. mgr. orðast svo: Skal við mat á þessu hlutfalli miðað við verðmæti einstakra tegunda í aflamarki skips í samræmi við verðmætahlutföll þeirra samkvæmt lögum um veiðieftirlitsgjald.
2. másl. 7. mgr. orðast svo: Í þessu sambandi skal aflamark metið í þorskígildum á grundvelli verðmætahlutfalla einstakra tegunda samkvæmt lögum um veiðieftirlitsgjald.

##### 5. gr.

18. gr. laganna fellur brott.

##### 6. gr.

13. mgr. ákvæðis til bráðabirgða XXIII í lögumum, sbr. 13. mgr. bráðabirgðaákvæðis I í lögum nr. 14. janúar 1999, um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, fellur brott.

## II. KAFLI

**Breyting á lögum nr. 92/1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum.**

## 7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

- a. Í stað fjárhæðanna „750 kr.“ og „285.000 kr.“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: 922 kr., og: 350.000 kr.
- b. 4. mgr. fellur brott.

## 8. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Fiskistofa skal innheimta gjald til Þróunarsjóðs sjávarútvegsins af hverju úthlutuðu þorskígildistoni. Skali gjaldið greitt af eiganda skips og nema 1.230 kr. fyrir hvert þorskígildistoni miðað við verðmætahlutföll einstakra tegunda samkvæmt lögum um veiðieftirlitsgjald. Gjaldið fellur í gjalddaga með þremur jöfnum greiðslum hvert fiskveiðiár, 1. september, 1. janúar og 1. maí. Hafi greiðsla ekki borist innan mánaðar frá gjalddaga fellur veiðileyfi skipsins niður. Fiskistofa skal standa Þróunarsjóði jafnharðan skil á innheimtu gjalda.

Fari stjórn fiskveiða krókabáta fram með öðrum hætti en úthlutun aflaheimilda á grundvelli aflahlutdeildar eða krókaaflahlutdeildar skal gjald miðast við landaðan afla viðkomandi báts í þeim tegundum þar sem hann er ekki bundinn aflatakörkunum en sæta ákvörðun um heildarafla á tímabilinu 1. ágúst til 31. júlí fyrir upphaf hvers fiskveiðiárs miðað við skráningu aflans í aflaupplýsingakerfi Fiskistofu. Um gjald þetta gilda að öðru leyti ákvæði þessarar greinar eftir því sem við á.

## III. KAFLI

**Breyting á lögum nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, með síðari breytingum.**

## 9. gr.

2.–9. mgr. 8. gr. laganna falla brott.

## IV. KAFLI

**Breyting á lögum nr. 11/1998, um Kvótaþing.**

## 10. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Kvótaþing skal innheimta 700 kr. fyrir hvert tilboð sem skráð er á þinginu. Kvótaþing skal einnig innheimta viðskiptagjald vegna kaupa og sölu aflamarks á þinginu sem nemur 0,13% af verðmæti viðskipta. Sett skal fram trygging fyrir viðskiptagjaldi áður en þjónusta er veitt.

## V. KAFLI

**Breyting á lögum nr. 54/1992, um fullvinnslu botnfiskaflla um borð í veiðiskipum, með síðari breytingum.**

## 11. gr.

2. mgr. 6. gr. laganna fellur brott.

## VI. KAFLI

**Gildistaka.**

## 12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Samþykkt á Alþingi 27. apríl 2000.*